

Pálmi Hannesson:

Magnús Björnsson

náttúrufræðingur

IN MEMORIAM

Magnús Björnsson náttúrufræðingur andaðist fimmtudaginn 9. janúar síðastliðinn. Banamein hans var heilablóðfall. Hann var fæddur að Gilsstöðum í Vatnsdal 3. maí árið 1885 og skorti því tæpa 4 mánuði á 62. aldursár sitt, er hann lézt. Foreldrar Magnúsar voru þau Björn Gunnlaugsson gullsmiður og kona hans, Margrét Magnúsdóttir frá Holti á Ásum, systir Guðmundar Magnússonar prófessors. Magnús ólst upp hjá foreldrum sínum og fluttist með þeim að Haga í Þingi, síðar að Gröf í Víðidal og loks að Múla í Línakradal. Var hann elztur systkina sinna, þeirra er upp komust. Hann lærði undir skóla hjá séra Hálfadáni Guðjónssyni, síðar vígslubiskupi, er þá var prestur að Breiðabólstað í Vesturhópi, og gekk inn í lærða skólann árið 1902. Var þá róstudamt mjög í skólanum, og atvikaðist svo, að árekstrar urðu mestir milli skólastjórnarinnar og bekksagnar þeirrar, er Magnús var í. Veit ég með vissu, að Magnús var þar saklaus og þeir félagar hans flestir, en eins og ætla má, fylgdust þeir fast að og héldu hlífiskildi yfir hina seku, enda þótt þeir hefðu ýmis óþægindi af því. Luku þeir þó stúdentsprófi flestir á tilskildum tíma, vorið 1908, og var Magnús í þeim hópi. Sumurin 1904-1908 ferðaðist hér til rannsókna danskur fuglafræðingur, Richard Hørring að nafni. Var Magnús fylgdarmaður hans og önnur hönd að kalla má, einkum síðustu sumurin. Kynntist hann þá landinu og náttúru þess, einkum fuglalífínu, en með því að hann var mjög hneigður fyrir náttúrufræði, ákvað hann að leggja stund á þá fræðigrein, enda þótt erfiðlega horfði um fjárhaginn. Fór hann því utan haustið 1908 og hóf náttúrufræðinám við há-

1

Höfundur: Pálmi Hannesson

Náttúrufræðingurinn, 1947, 17. árg, 1 hefti, bls: 1-6

skólann í Kaupmannahöfn. Lauk hann heimspekiþrófi vorið 1909 og hélt síðan áfram námi til ársins 1911, en þá varð hann að hætta vegna heilsubreysts og fjárskorts. Fluttist hann þá hingað til Reykjavíkur og innritaðist í læknadeild Háskólans. Las hann síðan læknisfræði til ársins 1915, en hvarf þá frá því námi, enda mun hann lítt hafa fest yndi við það.

Frá því er hann kom heim, var hann löngum á Náttúrugripasafninu og gerðist handgenginn mjög forstöðumanni þess, Bjarna Sæmundssyni. Árið 1916 kvæntist hann Vilborgu Þorkelsdóttur. Sama haust réðst hann kennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri í forföllum Stefáns Stefánssonar skólameistara og var þar vetrarlangt. Síðan hvarf hann aftur hingað suður og átti hér heima eftir það til dauðadags. Var hann lengst af aðstoðarmaður dr. Bjarna Sæmundssonar við Náttúrugripasafnið, en fékk þó engin laun fyrir það framman af. Jafnframt hafði hann á hendi kennslu, vann um skeið við dagblaðið *Vísir*, var prófdómari við ýmsa skóla hér mörg ár, en á sumrum var hann oft fylgdarmaður erlendra ferðamanna, einkum náttúrufræðinga, er hingað sóttu. Árið 1941 lét Magnús af starfi sínu við Náttúrugripasafnið. Síðan réðst hann starfsmaður hjá erlenda setuliðinu hér og hafði með höndum leiðbeiningar um þau mál, er vörðuðu náttúru landsins. Er það kunnugt þeim, er til þekktu, að í því vandasama starfi gætti hann jafnan hagsmuna Íslendinga, en ávann sér þó traust hinna erlendu yfirboðara sinna með þekkingu sinni og lipurð. Eftir það, að setuliðið hvarf burt úr landinu, réðst Magnús til Veðurstofunnar og annaðist þar bóka-vörzlu. Var hann þar staddur fimmtudaginn 9. janúar, en þá um hádegisbil fékk hann heilablóðfall það, er dró hann til dauða að kvöldi þess sama dags.

Fjórðugur Magnúsar var oftast þröngur og kjörin erfið á ýmsa lund. Árið 1930 missti hann konu sína frá 5 börnum þeirra ungum, en þá og jafnan átti hann mikið athvarf á hinu merka heimili móður sinnar og systkina á Skólavörðustíg 25. Nú, er börnin voru uppkomin, dvaldist hann hjá þeim. Virtist þá sem löngum áhyggjum væri af honum létt og fram undan væri ánægjulegt ævikvöld, er hann mætti rækja hugðarefni sín, eftir því sem kraftarnir leyfðu. En þess varð honum ekki auðið.

Magnús Björnsson var maður hlédrægur og hélt þekkingu sinni lítt á loft. Þó var hún mikil og stóð víða fótum. Hann var mála-maður ágætur, las margt og mundi vel. Mesta stund lagði hann

þó jafnan á náttúrufræði, einkum fuglafræði, enda var hann flestum mönnum fróðari á því sviði. Hann var næstelztur íslenskra náttúrufræðinga, og margir okkar hinna yngri hafa notið góðs af fróðleik hans, því meir sem við þekktum hann betur. Flestir munu þó minnst hans í sambandi við Náttúrufræðifélagið og Náttúrugripasafnið. Árið 1910 gerðist hann félagi í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, sat í stjórn þess frá 1912-1917 og félagsmaður var hann til dauðadags.

Þess er áður getið, að Magnús hafði gert sér títt um Náttúrugripasafnið, eftir það að hann fluttist heim frá Kaupmannahöfn. Vann hann þá að röðun sjódyrasafnsins um skeið. Síðan fékkst hann við aðrar deildir safnsins, „setti upp“ fugla og önnur dýr og vann ásamt dr. Bjarna Sæmundssyni að rannsókn og varðveizlu þeirra muna, er að bárust. Árið 1927 var hann ráðinn aðstoðarmaður við safnið, og átti hann einkum að hafa umsjón með jurta-söfnunum, en því starfi hafði dr. Helgi Jónsson áður gegnt. Þessari sýslu hélt hann til ársloka 1941, er hann gekk í þjónustu hersins, sem áður segir.

Árið 1932 tók Náttúrufræðifélagið upp fuglamerkingar, og var Magnús aðalhvatamaður þess. Hafði hann síðan umsjón með merkingunum til ársloka 1941.

Lengi fram eftir ævi þótti Magnúsi gaman að fara með byssu, eins og fuglafræðingum er títt, en á síðari árum varð hann afhuga slíku og beitti sér eftir það af miklum áhuga fyrir hvers konar náttúrufríðun, einkum fugla. Varð hann aðalhvatamaður þess, að Eldey var fríðuð. Einnig mun hann hafa átt upptök að því, að sett var nefnd, er skyldi undirbúa nýja lagasetningu um náttúrufríðun. Það var á árunum 1935–7, ef ég man rétt. Þótti honum nefndinni ganga seint störfin og samdi því einn frumvarp að miklum lagabálki um þessi efni, sem til er í handriti. Lengi framan af var Magnús fylgdarmaður erlendra ferðamanna á sumrin, eins og áður getur. Sú leið ein var honum opin til þess að afla sér þekkingar um náttúru landsins. En eftir það, að Menningarsjóður var stofnaður, fékk hann styrk þaðan, svo að hann gat ferðast sem sjálfs sín húsbóndi, ýmist einn eða í samlögum við aðra. Lagði hann þá mest stund á það að rannsaka fuglalíf á hálendinu og þó einkum varpstöðvar heiðagæsarinnar (*Anser brachyrhynchus*, Baill.), er hann sýndi fram á, að yrpi hér. Árið 1932 fór hann upp með Þjórsá, í Arnarfellsver, um Sprengisand, Vonarskarð og öræfin norður með Skjálfandafljóti; 1933 ferðaðist hann inn um

Möðrudalsöræfi, Brúaröræfi og í Hvannalindir; 1934 fór hann upp með Hvitá í Árnassýslu og um svæðið suður af Kili og Kerlingarfjöllum. Árið 1935 fór hann um hálendið austur frá Snæfelli, Eyjabakka, Víðidal í Lóni og síðan vestur Skaftafellssýslur og Landmannaleið. Enn fór hann nokkrar skemmtiferðir, t. d. um Vestur-Skaftafellssýslu, austan Mýrdalssands, og upp með Skaftá, og aðra ferð upp með Skjálfafljóti í Krossárgljúfur.

Á ferðum þessum öðlaðist Magnús geysimikinn fróðleik um fuglalíf landsins, eins og nærri má geta. Nokkuð þóttist hann þó eiga eftir óséð, en dagarnir voru uppi, áður en það gengi fram.

Magnús reit margar greinar um náttúrufræðileg efni, einkum fuglafræði, í ýmis tímarit. Merkast rita hans er þó tvímælaust Fuglabók Ferðafélags Íslands, árbók 1939, enda mun hún lengi verða talin meðal merkustu fræðibóka í sinni grein.

Langflestar ritgerðir Magnúsar hafa birzt í Náttúrufræðingnum og skýrslu um Hið íslenska náttúrufræðifélag, eins og augljóst er af skrá þeirri, er dr. Finnur Guðmundsson hefur tekið saman og birtist hér á eftir.

Magnús Björnsson var mikill geðþrýðismaður, gamansamur í sinn hóp, jafnhugaður og svo greiðvikinn, að hann leit aldrei á eigin hag, ef aðrir leituðu hans. Jafnan var hann fámáll um eigin hagi og kvartaði aldrei, þótt á móti blési. Hann var barnavinur og dýra-
vinur svo mikill, að fáa hef ég slíka þekkt. Sumum gat virzt hann nokkuð hrjúfur í fasi við fyrstu kynni, en það var ávani fremur en eðli, skjöldur, sem hann skaut fyrir viðkvæma lund sína, enda þurfti hann slíks með allt frá hinum fyrstu skólaárum, að ég hygg. En þeir, sem kynntust Magnúsi betur, fengu flestir miklar mætur á honum fyrir góðvilja hans, gáfur og drenglund.

Við Magnús vorum förunautar nokkur sumur um öræfi Íslands. Á slíkum ferðum kynnast menn vel, enda reynir þá drjúgum á skapsmunina. Ég lærði þá að meta Magnús og tel hann síðan í hópi hinna merkustu og mætustu manna, sem ég hef kynnt, þó að örlögin sniðu honum þrengri stakk en gáfur hans og mannkostir stóðu til.

Skrá yfir náttúrufræðirit eftir Magnús Björnsson

Tekin saman af Finni Guðmundssyni

Greinar í náttúrufræðingnum.

- 1932 Snæuglur í Ódáðahrauni. 2. árg., s. 122–123.
- 1932–1934 Nokkur orð um grágæsir og helsingja. 2. árg., s. 45–51 og s. 143–152; 3. árg., s. 17–22, s. 75–78 og s. 129–132; 4. árg., s. 30–40 og s. 166–177.
- 1932 Ný aðferð við gerilsneyðingu mjólkur. 2. árg., s. 182–183.
- 1932–1941 Árangur íslenzkra fuglamerkinga. 2. árg., s. 188; 3. árg., s. 26–27, s. 142 og s. 186–187; 4. árg., s. 40 og s. 126–128; 5. árg., s. 42, s. 88 og s. 153–157, 6. árg., s. 62 og s. 133; 7. árg., s. 43–44 og s. 144–146; 8. árg., s. 183–185; 9. árg., s. 129–131; 11. árg., s. 128–129.
- 1933 Nýr fugl. 3. árg., s. 25–26.
- 1933 Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins í Reykjavík 1932. 3. árg., s. 58–60.
- 1933 Skrá yfir íslenska fugla. 3. árg., s. 147–159.
- 1934 Nýtt meðal við holdsveiki. 4. árg., s. 29.
- 1935–1936 Rjúpan. 5. árg., s. 161–169; 6. árg., s. 57–61.
- 1935 Komudagar farfugla að Grímsstöðum við Mývatn vorið 1935 (úr bréfi frá Jóh. Sigfinnssyni). 5. árg., s. 175–176.
- 1935 Komudagar og fardagar nokkurra fugla að Kvískerjum á Breiðamerkursandi og að Fagurhólsmýri í Örefum árin 1934 og 1935 (úr bréfi frá Sig. Björnssyni). 5. árg., s. 182.
- 1936 Úr árbókum fuglanna (kaflar úr bréfi frá Kristjáni Geirmundssyni, Akureyri). 6. árg., s. 99–102.
- 1936 Nýr fugl á Íslandi. 6. árg., s. 103–104.
- 1936 Kúhegri (*Ardeola ibis* (L.)). 6. árg., s. 147–148.
- 1936 Stóra grágæs og helsingi í „hjúskaparstandi“. 6. árg., s. 154–156.
- 1937 Skrá yfir komudaga nokkurra farfugla að Kvískerjum í Örefum á árunum 1923–1935. (Eftir Flosa Björnsson á Kvískerjum.) 7. árg., s. 32.
- 1937 Úr árbókum fuglanna (úr bréfi frá Kristjáni Geirmundssyni, Akureyri). 7. árg., s. 90–92.
- 1937 Fuglar séðir í Vestmannaeyjum veturinn 1937 (úr bréfi frá Þorst. Einarsyni, Hóli, Vestm.). 7. árg., s. 101–103.
- 1937 Um fardaga farfuglanna (úr bréfi frá Sigurði Björnssyni, Kvískerjum). 7. árg., s. 104.
- 1940 Komudagar nokkurra farfugla. 10. árg., s. 68–69.

Ritgerðir í Skýrslu um Hið íslenska náttúrufræðifélag.

1. 1933 Fuglamerkingar. Skýrsla o. s. frv., félagsárin 1931–1932, s. 45–49.
2. 1935 Fuglamerkingar, II. ár. Skýrsla o. s. frv., félagsárin 1933–1934, s. 51–57.
3. 1935 Fuglamerkingar, III. ár. Skýrsla o. s. frv., félagsárin 1933–1934, s. 59–71.
4. 1937 Fuglamerkingar, IV. ár. Skýrsla o. s. frv., félagsárin 1935–1936, s. 49–71.
5. 1939 Fuglamerkingar V.–VII. ár. (Bráðabirgðaskýrsla.) Skýrsla o. s. frv., félagsárin 1937–1938, s. 59–68.

*Eftirtaldar fuglamerkingaskýrslur komu út sem fylgirit skýrslu um
Hið íslenska náttúrfræðifélag*

- 6 1940 Fuglamerkingar V.–VIII. ár. Fylgirit skýrslna o. s. frv., félagsárin 1937–1938, 44 s.
7. 1941 Fuglamerkingar IX. ár. Fylgirit skýrslu o. s. frv., félagsárin 1939–1940, 16 s.


Ritgerð í Dýraverndaranum.

1938 Súlan, 7.–8. tbl.

Önnur rit

Stuttur leiðarvísir um söfnun og meðferð náttúrugripa. 1929. Fylgirit með skýrslu 1927–28.

Fuglabók Ferðafélags Íslands. Árbók Ferðafélags Íslands 1939.



Magnús Björnsson

